Tilkynntu	141	48,1
Fjöldi svarenda	293	100

Fleiri þolendur eignaspjalla tilkynntu lögreglu um verknaðinn árið 2008 en 2007, eða um 48% samanborið við um 37% árið 2007.

Um 57% þolenda eignaspjalla voru karlar og um 76% þolenda búa á höfuðborgarsvæðinu.

Hátt hlutfall þeirra sem verða fyrir eignaspjöllum á Suðurnesjum, eða 65%, tilkynnir verknaðinn til lögreglu.



Kyn	Fjöldi svara	Tilkynntu		Tilkynntu ekki	
		Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Karlar	167		46,7%		53,3%
Konur	126		50,0%		50,0%
Aldur*					
18-25 ára	42		38,1%		61,9%
26-35 ára	51		54,9%		45,1%
36-45 ára	69		47,8%		52,2%
46-55 ára	72		56,9%		43,1%
56-65 ára	33		42,4%		57,6%
66-76 ára	18		38,9%		61,1%
Búseta					
Höfuðborgarsvæðið	224		45,1%		54,9%
Suðurnes	20		65,0%		35,0%
Vesturland/Vestfirðir	15		53,3%		46,7%
Norðurland	20		45,0%		55,0%
Austurland	8		62,5%		37,5%
Suðurland	7		57,1%		42,9%
Menntun					
Grunnskólapróf	66		51,5%		48,5%
Grunnskólapróf og viðbót	13		53,8%		46,2%
Framhaldsskólapróf/iðmenntun	107		55,1%		44,9%
Háskólapróf	87		39,1%		60,9%
Annað	21		38,1%		61,9%
Atvinna*					
Launþegi	161		54,0%		46,0%
Atvinnurekandi	50		52,0%		48,0%
Nemi	34		29,4%		70,6%
Ellilífeyrisþegi	22		31,8%		68,2%
Annað	24		37,5%		62,5%

* Marktækur munur á milli hópa


Sp. 9

D) Tilkynntir þú kynferðisbrotið til lögreglu?
(ef svarað já við sp. 8 d)

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Tilkynntu ekki	5	71,4
Tilkynntu	2	28,6
Fjöldi svarenda	7	100

Færri þolendur kynferðisbrota tilkynntu lögreglu um verknaðinn árið 2008 en 2007, eða um 29%, samanborið við um 37% árið 2007.

Hafa ber í huga að mjög fáir svöruðu þessari spurningu og því er vægi hvers einstaklings hlutfallslega mjög hátt.




	Fjöldi svara	Tilkynntu	Tilkynntu ekki
Kyn			
Karlar	4	0,0%	100,0%
Konur	3	66,7%	33,3%
Aldur			
18-25 ára	3	33,3%	66,7%
26-35 ára	0		
36-45 ára	1	100,0%	0,0%
46-55 ára	1	0,0%	100,0%
56-65 ára	1	0,0%	100,0%
66-76 ára	0		
Búseta*			
Höfuðborgarsvæðið	4	0,0%	100,0%
Suðurnes	0		
Vesturland/Vestfirðir	1	100,0%	0,0%
Norðurland	2	50,0%	50,0%
Austurland	0		
Suðurland	0		
Menntun			
Grunnskólapróf	3	33,3%	66,7%
Grunnskólapróf og viðbót	0		
Framhaldsskólapróf/iðmenntun	2	50,0%	50,0%
Háskólapróf	2	50,0%	50,0%
Annað	0		
Atvinna			
Launþegi	5	40,0%	60,0%
Atvinnurekandi	0		
Nemi	2	0,0%	100,0%
Ellilífeyrisþegi	0		
Annað	1	0,0%	100,0%

Sp. 10. Hafðir þú samband við lögreglu á árinu 2008 af öðrum ástæðum en nefndar voru hér á undan?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Já	678	27,9
Nei	1755	72,1
Fjöldi svarenda	2433	100

Um 28% svarenda sögðust hafa haft samband við lögreglu af öðrum ástæðum en vegna innbrots/þjófnaðar, ofbeldisbrots, eignaspjalla eða kynferðisbrots. Það eru álíka margir og árið 2007 en þá sögðust um 30% hafa haft samband við lögreglu af öðrum ástæðum.

Um 4% fleiri karlar en konur höfðu samband af öðrum ástæðum en þeim sem að ofan er getið. Fleira yngra fólk hafði samband við lögreglu en eldra, t.a.m. höfðu um 37% nema samband við lögreglu af öðrum ástæðum en þeim sem að ofan er getið en einungis um 12% ellilífeyrisþega.



	Fjöldi svara	Já (%)	Nei (%)
Kyn*			
Karlar	1195	30,0%	70,0%
Konur	1239	25,8%	74,2%
Aldur*			
18-25 ára	329	37,4%	62,6%
26-35 ára	470	33,2%	66,8%
36-45 ára	454	34,6%	65,4%
46-55 ára	512	27,0%	73,0%
56-65 ára	353	18,7%	81,3%
66-76 ára	209	13,4%	86,6%
Búseta*			
Höfuðborgarsvæðið	1536	26,0%	74,0%
Suðurnes	162	31,5%	68,5%
Vesturland/Vestfirðir	175	32,6%	67,4%
Norðurland	277	27,8%	72,2%
Austurland	99	28,3%	71,7%
Suðurland	184	35,9%	64,1%
Menntun			
Grunnskólapróf	631	28,2%	71,8%
Grunnskólapróf og viðbót	187	24,1%	75,9%
Framhaldsskólapróf/iðnmenntun	769	28,9%	71,1%
Háskólapróf	671	28,0%	72,0%
Annað	156	25,6%	74,4%
Atvinna*			
Launþegi	1398	28,3%	71,7%
Atvinnurekandi	286	32,2%	67,8%
Nemi	295	36,6%	63,4%
Ellilífeyrisþegi	250	12,4%	87,6%
Annað	188	26,1%	73,9%


* Marktækur munur á milli hópa

Sp. 11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári?
(ef svarað já við sp. 9 og 10)

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Mjög ánægð(ur)	383	46,2
Frekar ánægð(ur)	275	33,1
Frekar óánægð(ur)	87	10,5
Mjög óánægð(ur)	83	10,1
Fjöldi svarenda	828	100

Um 79% svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu hjá lögreglunni á síðasta ári. Þetta er 5% aukning frá árinu 2007. Yngsti aldersflokkurinn (18-25 ára) er óánægðastur með þjónustu lögreglunnar.

Flestir svarendur voru mjög ánægðir með þjónustuna á Suðurnesjum, eða um 62%. Fæstir voru mjög ánægðir með þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu, eða um 39%.



	Fjöldi svara	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn					
Karlar	423	47,3%	32,6%	8,7%	11,3%
Konur	404	45,3%	33,7%	12,4%	8,7%
Aldur					
18-25 ára	141	36,2%	38,3%	12,1%	13,5%
26-35 ára	183	46,4%	35,0%	9,8%	8,7%
36-45 ára	191	48,2%	32,5%	9,9%	9,4%
46-55 ára	181	44,2%	31,5%	12,7%	11,6%
56-65 ára	84	51,2%	31,0%	10,7%	7,1%
66-76 ára	37	59,5%	29,7%	2,7%	8,1%
Búseta*					
Höfuðborgarsvæðið	513	38,6%	36,1%	13,5%	11,9%
Suðurnes	63	61,9%	19,0%	7,9%	11,1%
Vesturland/Vestfirðir	65	53,8%	33,8%	4,6%	7,7%
Norðurland	83	60,2%	27,7%	4,8%	7,2%
Austurland	34	50,0%	35,3%	11,8%	2,9%
Suðurland	70	61,4%	30,0%	2,9%	5,7%
Menntun					
Grunnskólapróf	213	51,6%	28,6%	10,8%	8,9%
Grunnskólapróf og viðbót	56	41,1%	35,7%	14,3%	8,9%
Framhaldsskólapróf/iðnmenntun	280	47,1%	33,6%	9,6%	9,6%
Háskólapróf	229	42,4%	35,8%	10,9%	10,9%
Annað	46	45,7%	30,4%	8,7%	15,2%
Atvinna					
Launþegi	495	45,5%	33,9%	11,5%	9,1%
Atvinnurekandi	109	45,9%	29,4%	11,0%	13,8%
Nemi	118	44,9%	36,4%	10,2%	8,5%
Ellilífeyrisþegi	42	66,7%	21,4%	4,8%	7,1%
Annað	62	43,5%	33,9%	4,8%	17,7%


* Marktækur munur á milli hópa

Sp. 12. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði? (Hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum.)

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Oft á dag	167	6,9
Daglega	397	16,7
Nær daglega	159	6,7
Tvisvar til þrisvar í viku	286	12,0
Vikulega	342	14,4
Tvisvar til þrisvar í mánuði	267	11,2
Einu sinni í mánuði	289	12,1
Sjaldnar en mánaðarlega	295	12,4
Aldrei	182	7,7
Fjöldi svarenda	2384	100

Um 30% svarenda sjá lögreglumann eða lögreglubíl í byggðarlagi sínu oft eða nær daglega, sem er aðeins minna en árið 2007. Nærri 8% svarenda segjast aldrei sjá lögreglumann eða lögreglubíl í byggðarlagi sínu.

Svarendur með háskólamenntun sjá lögreglumann eða lögreglubíl sjaldnar en fólk með annars konar menntun.



*Var ekki valmöguleiki árið 2007.

Eldri svarendur sjá lögreglumann eða lögreglubíl sjaldnar en yngra fólkið. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu sjá lögreglumann eða lögreglubíl sjaldnar en íbúar á landsbyggðinni. Um fjórðungar íbúa á Austurlandi sér lögreglubíl eða lögreglumann oft á dag.

	Fjöldi svara	Aldrei	Sjaldnar en mánaðarlega	Einu sinni í mánuði	Tvisvar til þrisvar í mánuði	Vikulega	Tvisvar til þrisvar í viku	Nær daglega	Daglega	Oft á dag
Kyn*										
Karlar	1175	6,4%	11,2%	11,5%	10,6%	16,9%	12,7%	6,2%	17,2%	7,3%
Konur	1208	8,9%	13,6%	12,7%	11,8%	11,9%	11,3%	7,1%	16,1%	6,5%
Aldur*										
18-25 ára	321	6,2%	9,3%	11,5%	11,8%	19,0%	11,2%	5,6%	16,8%	8,4%
26-35 ára	466	6,4%	11,8%	12,2%	12,7%	16,1%	13,5%	6,9%	14,8%	5,6%
36-45 ára	455	5,9%	14,1%	13,0%	10,5%	15,2%	12,1%	6,8%	14,7%	7,7%
46-55 ára	496	7,1%	12,1%	11,1%	10,1%	11,9%	14,9%	5,2%	19,6%	8,1%
56-65 ára	344	9,6%	11,3%	14,5%	8,4%	11,6%	11,3%	8,1%	17,7%	7,3%
66-76 ára	199	10,1%	17,6%	11,6%	16,6%	12,1%	6,0%	7,5%	16,1%	2,5%
Búseta*										
Höfuðborgarsvæðið	1496	10,9%	16,6%	14,9%	13,4%	15,7%	11,2%	5,5%	9,4%	2,4%
Suðurnes	164	0,6%	1,8%	7,3%	6,1%	7,3%	14,6%	12,2%	31,7%	18,3%
Vesturland/Vestfirðir	174	1,1%	4,0%	4,6%	7,5%	12,1%	10,3%	7,5%	35,6%	17,2%
Norðurland	273	4,8%	7,7%	11,4%	8,4%	16,8%	11,4%	7,0%	24,2%	8,4%
Austurland	96	0,0%	3,1%	2,1%	5,2%	12,5%	8,3%	35,4%	24,0%	24,0%
Suðurland	183	1,6%	7,1%	7,7%	8,7%	11,5%	18,0%	9,8%	23,0%	12,6%
Menntun*										
Grunnskólapróf	617	5,8%	9,6%	10,5%	10,7%	13,0%	12,0%	7,5%	21,7%	9,2%
Grunnskólapróf og viðbót	184	7,6%	14,7%	9,2%	9,8%	16,3%	10,3%	7,6%	17,4%	7,1%
Framhaldsskólapróf/iðmenntun	750	7,1%	11,1%	12,8%	11,3%	13,3%	11,9%	6,3%	18,5%	7,7%
Háskólapróf	661	10,0%	16,0%	13,2%	12,3%	16,5%	12,4%	6,7%	10,1%	2,9%
Annað	153	7,2%	12,4%	13,7%	11,1%	13,7%	12,4%	3,9%	15,7%	9,8%
Atvinna*										
Launþegi	1378	7,1%	10,9%	11,7%	10,7%	14,9%	13,0%	6,3%	17,3%	8,0%
Atvinnurekandi	282	6,4%	11,3%	11,0%	10,3%	14,9%	12,4%	8,9%	18,1%	6,7%
Nemi	291	7,9%	12,4%	14,4%	14,8%	16,5%	10,7%	5,8%	12,4%	5,2%
Ellilífeyrisþegi	233	12,9%	16,3%	11,6%	12,9%	12,0%	6,0%	7,7%	16,7%	3,9%
Annað	184	7,6%	18,5%	13,0%	8,7%	8,7%	14,1%	6,5%	17,4%	5,4%

* Marktækur munur á milli hópa

Umraeða

Niðurstöður má greina niður í fjóra flokka, í fyrsta lagi viðhorf til þjónustu lögreglunnar, í öðru lagi öryggistilfinningu almennings, í þriðja lagi reynslu almennings af afbrotum og í fjórða lagi þjónustu lögreglunnar við þolendur afbrota. Í febrúar 2009 gerði Þjóðarpúls Gallup sína árlegu könnun á trausti til ríkisstofnana. Lögreglan var sem fyrr mjög ofarlega og mældist traustið 79%, sem er ein besta útkoma lögreglunnar síðan Gallup hóf að mæla traust til stofnana árið 1993.

Í fyrra sögðu um 88% svarenda þolendakönnunarinnar að lögreglan ynni mjög eða nokkuð gott starf í hverfi þeirra. Eins og sjá má í töflu eitt hér að neðan þá hefur þeim fjölgað um rúm 4% sem telja lögregluna vinna nokkuð gott eða mjög gott starf við að stemma stigu við afbrotum í hverfi þeirra. Markmið löggæsluáætlunar er að 90% svarenda telji lögregluna vinna nokkuð eða mjög gott starf. Markmiðinu hefur þar með verið náð fyrir árið 2008.

Tafla 1. Þjónusta lögreglunnar

Starfsemi	Gagnaveita	Svæði	Markmið 2007	Könnun 2008	Markmið 2008	Könnun 2009
Viðhorf til þjónustu lögreglunnar						
Hlutfall almennings sem telur lögregluna vinna nokkuð gott eða mjög gott starf <i>Eigið hverfi borgara</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	90%	87,8%	90%	91,5%

Miklu máli skiptir fyrir lögregluna að hún sé aðgengileg borgurunum hvenær dags sem er, alla daga ársins. Það verður því að teljast jákvæð framför að nú telja um 77% svarenda að lögreglan sé frekar eða mjög aðgengileg samanborið við 72% árið 2007. Eina mestu breytinguna milli ára má greina í mati fólks á mesta vandamálinu í hverfi þeirra. Umferðarlagabrot sem voru talin almennt mesta vandamálið árið 2007 eru nú í öðru sæti á eftir innbrotum, en hátt í 40% telja innbrot mesta vandamálið. Samkvæmt málaskrá lögreglunnar hefur innbrotum og þjófnumum fjölgað verulega síðustu 12 mánuði. Að hluta til má rekja þessa breytingu til efnahagsástandsins en frá október 2008 til mars 2009 fjölgaði innbrotum og þjófnumum um rúmlega 100% samanborið við sama tímabil árið á undan.

Mikill meirihluti, eða 91,6%, telur sig mjög eða frekar öruggan á gangi í sínu eigin byggðarlagi eftir myrkur. Þetta eru álíka margir og árið 2007. Markmið löggæsluáætlunar til ársins 2011 er að skapa þannig umhverfi að 95% borgara telji sig frekar eða mjög örugga. Það er nokkuð ljóst að öruggi íbúa hefur ekki breyst mikið milli ára og er nærri markmiðum stjórnvalda.

Spurt var um hvort svarendur teldu sig örugga á gangi í sínu eigin byggðarlagi eftir myrkur og í miðborg Reykjavíkur um helgar. Meirihluti svarenda árið 2007 sagðist mjög eða frekar óöruggur í miðborg Reykjavíkur um helgar og það virðist ekki hafa breyst. Rómur þriðjungur svarenda telur sig frekar eða mjög öruggan í miðborginni sbr. töflu tvö. Markmið löggæsluáætlunar var að fjölga þeim sem telja sig örugga í miðborginni þegar myrkur er skolið á um helgar í 45% en það hefur enn ekki tekist. Viðhorf íbúa til öryggismála í miðborginni hefur því lítið breyst.

Tafla 2. Öryggistilfinning

Starfsemi	Gagnaveita	Svæði	Markmið 2007	Könnun 2008	Markmið 2008	Könnun 2009
Ótti við afbrot						
Hlutfall almennings sem segist frekar eða mjög öruggur í sínu hverfi <i>Eigið hverfi borgara</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	95%	91,5%	95%	91,6%
Hlutfall almennings sem segist frekar eða mjög öruggur í miðborg Reykjavíkur um helgar <i>Miðborg um helgar</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	40%	32,4%	45%	32,6%

Sýnileiki lögreglunnar er ætíð til umfjöllunar og hefur lögreglan lagt mikla áherslu á að auka sýnileika í samræmi við kröfur íbúa. Sýnileiki lögreglunnar á ákveðnu svæði er mikilvægur m.a. vegna þess að hann er talinn geta fælt frá afbrotamenn sem hafa það í hyggju að brjóta af sér á umræddu svæði. Í fyrra var gerð tilraun til að mæla sýnileika en flókið getur verið að mæla hann vegna þess hve erfitt er að skilgreina mælikvarða fyrir sýnileika. Meðal þess sem telja má til sýnileika er aðstoð við borgara, fræðsla í skólum, að sjá lögreglubifreið ekið um hverfið o.s.frv.

Sýnileiki er þannig mældur að svarendur eru beðnir að svara því hversu oft þeir sáu lögreglumann eða lögreglubíl í hverfi sínu eða byggðarlagi að jafnaði. Um 30% svarenda sáu lögreglumann eða lögreglubíl í byggðarlagi sínu oft á dag, daglega eða nær daglega. Þetta eru álíka margir og í fyrra en þá sáu um 32% lögreglumann eða lögreglubíl í hverfi sínu oft á dag eða nær daglega. Breyting varð á þessari spurningu milli ára og bættist við svarmöguleikinn daglega, sem ekki var í boði í fyrra. Litla breytingu má greina milli ára. Sem fyrr sjá eldri svarendur lögregluna sjaldnar en þeir yngri. Háskólamenntaðir sjá einnig lögregluna sjaldnar en fólk með aðra menntun. Tæp 8% svarenda segjast aldrei sjá lögreglumann eða lögreglubíl í byggðarlagi sínu, sem er 1% færri en árið 2007. Á Austurlandi sjá um 68% íbúa lögregluna oft á dag, daglega eða nær daglega. Á höfuðborgarsvæðinu sjá einungis um 17% lögregluna oft á dag, daglega eða nær daglega, en það eru álíka margir og árið 2007. Þessar niðurstöður gefa ákveðna mynd af sýnileika lögreglunnar miðað við þær skilgreiningar sem settar eru fram í spurningunni.

Í fyrra var spurt um þjónustu lögreglunnar almennt þvert á alla brotaflokkum og voru 74,3% svarenda árið 2007 sem tilkynnt höfðu afbrot mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna (sjá töflu 3). Í löggæsluáætlun 2007-2011 var lagt upp með að skoða þjónustu lögreglunnar í tilteknum málaflokkum, eins og ofbeldisbrotum, kynferðisbrotum og innbrotum á milli kannana. Ákveðið var hins vegar í fyrra að einfalda þess útfærslu og spyrja almennt þá sem þurftu á þjónustu lögreglunnar að halda hversu ánægðir eða óánægðir þeir hefðu verið með hana.

Í könnuninni nú voru 79% svarenda frekar eða mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu hjá lögreglunni og er það um 5% fleiri en árið 2007. Nú hefur lögreglan tvær mælingar til að miða við og má því búast við því að stjórnvöld setji skýr markmið hvað þjónustu lögreglunnar varðar fyrir komandi ár. Þótt hér sé ekki fjallað sérstaklega um málsmeðferðartíma, verklag lögreglunnar eða hlutfall ákærðra sem eru sakfelldir er nokkuð ljóst að þeir borgarar sem leituðu til lögreglunnar voru ánægðari með hana í fyrra en árið 2007.

Tafla 3. Þjónusta vegna afbrota

Starfsemi	Gagnaveita	Svæði	Markmið 2007	Könnun 2008	Markmið 2008	
Þjónusta vegna afbrota						
Hlutfall þeirra sem ánægðir voru með þjónustu lögreglunnar	Árlegar þolendakannanir	Allt landið		74,3%		79,3%

Þátttakendur voru spurðir út í reynslu af innbrotum/þjófnum, ofbeldi, eignaspjöllum og kynferðisbrotum á síðasta ári. Fram kom að um 9% svarenda höfðu orðið fyrir þjófnaði eða innbroti en það eru jafnmargir og árið 2007. Þeim virðist ekki fjölga sem segjast hafa orðið fyrir innbroti eða þjófnaði þó að upplýsingar um fjölda afbrota úr málaskrá lögreglunnar gefi til kynna aukningu milli ára. Tæplega 3% þátttakenda höfðu orðið fyrir ofbeldisbroti, sem er aðeins lægra hlutfall en árið 2007, þegar 4% sögðust hafa orðið fyrir ofbeldisbroti. Þessi niðurstaða er í samræmi við upplýsingar úr málaskrá lögreglunnar en skráðar líkamsárásir voru færri árið 2008 en árið 2007. Eignaspjöllum, s.s. veggjakroti eða skemmdum á bifreiðum, fækkar milli ára en 12% svarenda segjast hafa orðið þolendur eignaspjalla á árinu 2008 en 15% sögðust hafa orðið það árið 2007. Þessi fækkun fer saman við upplýsingar úr málaskrá lögreglunnar, en skv. henni fækkar eignaspjöllum eilítið milli ára en mest voru þau árið 2006.

Einungis 0,3% þátttakenda sögðust hafa orðið fyrir kynferðisbroti, með því var átt við t.d. nauðgun, einstakling sem berar sig fyrir framan aðra, sífjaspell og misnotkun. Árið 2007 sögðust rúmlega 1% svarenda hafa orðið fyrir kynferðisbroti en samkvæmt málaskrá lögreglunnar fækkaði skráðum kynferðisbrotum milli ára. Upplýsingar úr málaskrá lögreglunnar veita hins vegar mjög takmarkaða mynd af fjölda þolenda kynferðisafbrota þegar þátttakendur í þolendakönnunum eru spurðir hvort þeir hafi tilkynnt brotin.

Margar erlendar þolendakannanir gefa til kynna að meirihluti kynferðisbrota er ekki tilkynntur til lögreglunnar og þar með er gerandinn í málinu aldrei kærður. Ef um 0,3% af öllum Íslendingum á aldrinum 18-76 ára urðu fyrir kynferðisbroti á árinu 2008 gerir það um 670 einstaklinga. Um 300 kynferðisbrot voru skráð hjá lögreglunni á árinu 2008. Ef brotið var einu sinni á hverjum þessara 670 einstaklinga voru um 45% af öllum kynferðisbrotum á Íslandi árið 2008 tilkynnt lögreglu. Um 29% þolenda kynferðisbrota sögðust hafa tilkynnt brotið. Það er lægra en árið 2007 þegar um 37% sögðust hafa tilkynnt lögreglunni um kynferðisbrot. Næsta könnun mun væntanlega segja til um hvort um tilviljunarkenndar sveiflur er að ræða eða hvort þróunin sé í þá átt að færri tilkynni um kynferðisbrot.

Það er mismunandi eftir brotaflokkum hvort brotaþoli tilkynni brotið. Flestir sögðust hafa tilkynnt innbrot eða þjófnað sem þeir höfðu orðið fyrir, eða rúmlega 72% þátttakenda. Þá sögðust um 42% hafa tilkynnt ofbeldisbrot sem þeir höfðu orðið fyrir. Þetta er fjölgun milli ára í báðum flokkum en árið 2007 tilkynntu einungis um 60% þolenda innbrot/þjófnað og um 39% ofbeldisbrot. Fæstir tilkynntu um eignaspjöll árið 2007, eða 37% svarenda. Þeim hefur fjölgað hlutfallslega sem tilkynna um eignaspjöll og árið 2008 voru það um 48%, sem er um 11% aukning milli ára.

Ýmsar ástæður kunna að liggja að baki því hvers vegna brotaþolar innbrota eða þjófnaða eru líklegri til að tilkynna brot en t.a.m. brotaþolar ofbeldisbrota. Meðal þess sem nefnt hefur verið varðandi innbrot og þjófnað er að tryggingarþátturinn valdi því að tilkynningar séu tiltölulega fleiri í þeim brotum. Eignaskemmdir eru að einhverju leyti tryggingamál og því var áhugavert að sjá hversu fáir tilkynntu um þær árið 2007. Hvort þessa fjölgun milli ára, bæði hvað varðar innbrot/þjófnað og

eignaspjöll, megi rekja til efnahagsástandsins hefur ekki verið kannað sérstaklega. Eru þolendur að kanna betur réttarstöðu sína og rétt á bótageiðslum vegna aðstæðna í þjóðfélaginu? Hafa ber í huga að sum eignaspjöll kunna oft að vera minniháttar, eins og lítið veggjakrot eða rispa á bíl sem fæst ekki bætt, og því ef til vill talið óþarfi að tilkynna lögreglu um slíkt.

Kannanir sem þessar veita stjórnvöldum og stefnumótandi aðilum mikilvægar upplýsingar um stöðu mála og afbrota. Ásamt upplýsingum um tilkynnt brot til lögreglu nýtast þessar upplýsingar við setningu markmiða til að bæta þjónustu lögreglunnar. Árangursstjórnun lögreglunnar felur m.a. í sér endurskoðun og endurmat á áherslum og markmiðum út frá fyrirbyggjandi upplýsingum. Með árlegum könnunum er lagður grunnur að söfnun tölfræðilegra upplýsinga sem eru sambærilegar og því verður hægt að leggja mat á þróun afbrota á Íslandi yfir lengri tíma.

Spurningalisti

sp1) (Allir, eitt svar)

Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu/byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum? Finnst þér hún vera að vinna mjög gott starf, nokkuð gott, frekar slæmt eða mjög slæmt starf?

- 1^í Mjög gott starf
- 2^í Frekar gott starf
- 3^í Frekar slæmt starf
- 4^í Mjög slæmt starf
- 5^í Neitar
- 6^í Veit ekki

sp2) (Allir, eitt svar)

Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?

- 1^í Mjög aðgengileg
- 2^í Frekar aðgengileg
- 3^í Frekar óaðgengileg
- 4^í Mjög óaðgengileg
- 5^í Neitar
- 6^í Veit ekki

sp3) (Allir, eitt svar)

Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi/byggðarlagi? (EKKI LESA VALMÖGULEIKA UPP)

- 1^í Eignaspjöll/skemmdarverk
- 2^í Umferðarlagabrot
- 3^í Fíkniefnaneysla
- 4^í Kynferðisbrot
- 5^í Þjófnaður
- 6^í Innbrot
- 7^í Rán
- 8^í Fjársvik, svik í viðskiptum
- 9^í Ofbeldi/líkamsárásir
- 10^í Annað
- 11^í Neitar
- 12^í Veit ekki

sp4) (Allir, eitt svar)

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi/byggðarlagi þegar myrkur er skolið á? Finnst þér þú vera mjög örugg(ur), frekar örugg(ur), frekar óörugg(ur) eða mjög óörugg(ur)?

- 1^í Mjög örugg(ur)
- 2^í Frekar örugg(ur)
- 3^í Frekar óörugg(ur)
- 4^í Mjög óörugg(ur)
- 5^í (EKKI LESA UPPHÁTT) Get ekki gengið/ fer aldrei út
- 6^í Veit ekki
- 7^í Neitar að svara

sp5) (Allir, eitt svar)

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar?

Finnst þér þú vera mjög örugg(ur), frekar örugg(ur), frekar óörugg(ur) eða mjög óörugg(ur)?

1. Mjög örugg(ur)
2. Frekar örugg(ur)
3. Frekar óörugg(ur)
4. Mjög óörugg(ur)
5. (EKKI LESA UPPHÁTT) Get ekki gengið/ GENG ALDREI Í MIÐBORGinni
6. Veit ekki
7. Neitar að svara

sp6) (Allir, eitt svar)

Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2007 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi? (Ef aldrei, sleppa spurningu 7.)

1. Aldrei
2. Mjög sjaldan
3. Frekar sjaldan
4. Frekar oft
5. Mjög oft
6. Veit ekki
7. Neitar

sp7) (Ef 2-7 í sp. 6, eitt svar)

Hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir? (EKKI LESA UPP VALMÖGULEIKANA) Sjá lýsingu aftast fyrir spyrja að átta sig á brotaflokkum.

1. Eignaspjöll/skemmdarverk
2. Kynferðisbrot
3. Þjófnaður
4. Innbrot
5. Rán
6. Fjársvik, svik í viðskiptum
7. Ofbeldi/líkamsrásir
8. Annað
9. Veit ekki
10. Neitar

sp8) (Allir)

Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldum brotum árið 2007?

a) Innbroti eða þjófnaði? Með innbroti er átt við að til dæmis sé farið inn á heimili, ökutæki, sumarbústað eða aðrar vistarverur til að stela og með þjófnaði er átt við að til dæmis sé stolið veski, hjóli, eða öðrum verðmætum.

- 1^í Já
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

b) Ofbeldisbroti? Með ofbeldisbroti er átt við ofbeldi eða líkamsrás (t.d. ef einhver slær mann með hnefa eða vopni).

- 1^í Já
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

c) Eignaskemmdum? Með eignarskemmdum er átt eignaspjöll eða skemmdarverk (t.d. veggjakrot, skemmdir á bifreiðum).

- 1^í Já
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

d) Kynferðisbroti? Með kynferðisbroti er átt við t.d. nauðgun eða einstakling sem berar sig fyrir framan aðra (flassar), sífjaspell og misnotkun.

- 1^í Já
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

sp9) (Ef já í a) eða b) eða c) eða d) í sp.8)

Tilkynntir þú brotið til lögreglu?

- 1^í Nei, ekkert þeirra
- 2^í Já, innbrotið/þjófnaðinn
- 3^í Já, ofbeldisbrotið
- 4^í Já, eignaskemmdirnar
- 5^í Já, kynferðisbrotið
- 6^í Veit ekki
- 7^í Neitar

sp10) (Allir)

Hafðir þú samband við lögreglu á árinu 2007 af öðrum ástæðum en nefndar voru hér á undan?

- 1^í Já, þá hvers vegna (Fjölsvar)_____
- 2^í Nei
- 3^í Veit ekki
- 4^í Neitar

sp11) (Ef já í 9 eða 10, eitt svar)

Hversu ánægður eða óánægður varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári? (Ef höfð voru samskipti við lögreglu oft á síðasta ári fá þá upplýsingar um síðustu samskipti.)

- 1^í Mjög ánægð/ur
- 2^í Frekar ánægð/ur
- 3^í Frekar óánægð/ur
- 4^í Mjög óánægð/ur
- 5^í Hafði ekki samskipti við lögreglu
- 6^í Veit ekki
- 7^í Neitar

sp12) (Allir, eitt svar)

Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu byggðarlagi að jafnaði? (Hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum.)

- 1^í Aldrei
- 2^í Sjaldnar en mánaðarlega
- 3^í Einu sinni í mánuði
- 4^í Tvisvar til þrisvar í mánuði
- 5^í Vikulega
- 6^í Tvisvar til þrisvar í viku
- 7^í Nær daglega
- 8^í Oft á dag
- 9^í Veit ekki

10^í Neitar

Bakgrunnsbreytur:

Kyn (fæst úr þjóðskrá)

Búseta (fæst úr þjóðskrá)

Aldur (fæst úr þjóðskrá)

Ríkisfang (fæst úr þjóðskrá)

Menntun (spurning úr Gallupvagni)

Starf (spurning úr Gallupvagni)

Nánari lýsing á brotaflokkum fyrir spyrta

Þjófnaður (t.d. stolið veski, hjóli, eða öðrum verðmætum)

Innbrot (farið inn á heimili, ökutæki, sumarbústað eða aðrar vistarverur til að stela)

Rán (t.d. þegar afbrotamaður hótar manni með hnífi til að fá peninga frá manni)

Eignaspjöll/skemmdarverk (t.d. veggjakrot, skemmdir á bifreiðum)

Kynferðisbrot (t.d. nauðgun eða einstaklingur berar sig fyrir framan aðra (flassar), sífjaspell og misnotkun)

Ofbeldi/líkamsárásir (t.d. ef einhver slær mann með hnefa eða vopni)

Fjársvik, svik í viðskiptum (t.d. ef einhver notar blekkingu til að fá fólk til að afhenda peninga svo sem með að selja því ónýta bifreið sem nýja)

Umferðarlagabrot (t.d. of hraður akstur, ölvunarakstur, ófullnægjandi skerming hjólbarða)